

**Nd.**

### **308. Breytingartillögur**

við frv. til laga um fólksráðningarstofu í Reykjavík og um vald landsstjórnarinnar til að ráðstafa atvinnulausu fólki og bjargarvana.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogu.

1. Við 1. gr.

Greinina skal orða svo:

Stjórn landsins skal heimilt að setja á stofn fólksráðningarstofur þar sem þörf krefur, til þess að skifta vinnukrafti svo milli atvinnuvega, að trygð verði sem best framleiðsla á innlendum matvælum í hagfeldustu hlutföllum.

2. Við 2. gr.

Greinina skal orða svo:

Stjórnin skal tafarlaust láta rannsaka, hversu margir menn muni mega lifa á sjávarútvegi þetta ár og framvegis meðan svo er þröngvað kosti þeirrar atvinnugreinar sem nú. Verði sá uppi, að þeir reynist færri en verið hefir, má stjórnin ráða eða láta ráða slíkt fólk í vistir, samkvæmt 1. gr., svo og iðjulaust fólk. Vald skal hún hafa til þess að skipa mönnum vistir, ef menn tregðast.

3. Við 3. gr.

Í stað 3. og 4. gr. kemur:

3. gr.

Skýlt er hjeraðsstjórnnum og sveitarstjórnnum að veita skýrslur og hafa á hendi framkvæmdir, eftir því sem stjórninni þykir þurfa. Skulu þær gegna þessum störfum ókeypis, en sæta 500—2000 kr. sektum fyrir óþarfan drátt, eftir úrskurði stjórnarráðsins.

4. Á undan 5. gr. kemur ný

4. gr.

Nú vill stjórnin afstýra bjargarskortu samkvæmt lögum þessum, og skal henni þá og heimilt að skipa mönnum hjú.

5. Við 6. gr.

Greinina skal orða svo:

Nú ræðst maður til vistar á heimili eða honum er skipuð þar vist, og skal hann áður skoðaður af lækni og hafa frá honum vottorð um, að hann sje ekki haldinn næmum sjúkdómi.

6. Við 7. gr.

Aftan við greinina skal bæta:

Við óhlýðni við ákvæðum 2. og 4. gr. liggja 5 króna dagsektir.

7. Við 8. gr.

Greinina skal orða svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi og standa meðan brýn nauðsyn krefur, að dómi stjórnarinnar, og má hún fella þau úr gildi með auglýsingu.

8. Við fyrirsögn.

- a. Fyrir »fólksráðningarstofu í Reykjavík« kemur:  
fólksráðningarstofur.
- b. Í stað »og bjargarvana« kemur:  
til þess að afstýra bjargarskortu.